

VAXTARSAMNINGUR FYRIR
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



**Heilbrigðisklassi á höfuðborgarsvæðinu:
Verkþættir, staða og næstu skref**

Hannes Óttósson
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Júní 2014

Þessi skýrsla er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármögnuð m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vinna eftir sóknaráætluninni og úr henni og bera ábyrgð á framgangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Innihald, skoðanir og niðurstöður eru á ábyrgð skýrsluhöfunda.
Útgefið af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, mars 2014.



Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur undanfarið unnið að heilbrigðisklasa á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (fylgiskjal 1 – samningur). Það var sameiginlegur skilningur SSH og NMÍ frá upphafi að þetta verkefni myndi lifa út árið 2014 og þannig ná yfir lengra tímabil en önnur verkefni sóknaráætlunar. Snemma á árinu hóf NMÍ samstarf við Friðfinn Hermannsson hjá Gekon og verkefni um Heilsuklasa, sem hann hafði verið að vinna að um nokkurt skeið. Mat NMÍ var það að slíkt samstarf myndi stórauka líkur á að markmið verkefnisins myndu nást sem fyrst og að öflugur heilbrigðisklasi myndi verða sjálfbær til framtíðar. Eftir að vilyrði fékkst fyrir samstarfinu hjá Sigurði Snævarr verkefnisstjóra, ríkti sameiginleg sýn og vilji milli aðila.

Fulltrúar verkefna um Heilsuklasa og Heilbrigðistækniklasa á höfuðborgarsvæði lýstu yfir vilja til að starfa saman að þróun og stofnun Heilbrigðisklasa. Báðir aðilar höfðu til skamms tíma unnið að klasaverkefnum sínum sjálfstætt en ætlunin út árið 2014 er að eiga samvinnu um nokkra verkþætti til að auka líkur á að sameiginleg sýn um öflugan Heilbrigðisklasa geti orðið að veruleika sem fyrst. Eftirfarandi eru verkþættir sem aðilarnir hafa samstarf um:

- Kortlagning á starfsumhverfi heilbrigðisgeirans á Íslandi og tækifærum í stofnun heilbrigðisklasa.
- Kortlagning á heilbrigðisklösum á Norðurlöndum og tækifæri fyrir Ísland.
- Stefnumótunarfundir og hópastarf í eftirfarandi hópum: nýsköpun og fjármögnun, menntun og rannsóknir, markaður og viðskiptatengsl, starfsskilyrði og gagnsöfnun.
- Samantekt á styrkjum og stuðningi sem ætluð eru til að auka samstarf og nýsköpun í samstarfi um heilbrigðisklasa.
- Verkefnastjórnun við klasaþróun, sameiginlegir viðburðir og reglulegir morgunverðarfundir.
- Tæknileg uppsetning á heimasíðu, efni á heimasíðu og fréttabréf.
- Heimsókn fulltrúa klasans til Osló Med Tech, til að kynna sér starfsemina.

- Fulltrúar klasans taka þátt í BSR stefnumóti í Berlín, til að sækja í norræn samstarfsverkefni.
- Fulltrúar klasans taka þátt í TCI klasaráðstefnu í Mexíkó, til að kynna klasann og sækja í alþjóðleg samstarfsverkefni.
- Stöðuskýrsla um verkefnið í lok árs.

Eftirfarandi er stutt yfirlit yfir stöðu verkefnisins sett fram fyrir hvern verkþátt á sama hátt og í upprunalegri verklýsingu (fylgiskjal 2 – verkefnislýsing).

Kortlagning I og II – staða



Fljótlega eftir að NMÍ hafði samið við SSH um vinnu við Heilbrigðistækniklasa á höfuðborgarsvæði, var ákveðið að taka upp samstarf við Friðfinn Hermannsson hjá Gekon. Friðfinnur hafði þá um nokkuð skeið verið að vinna að stofnun heilsuklasa í samstarfi við nokkra öfluga aðila: Grund, Icepharma, Veritas, Frumtök, Össur, Actavis, Alvogen, Læknafélagið, Félag atvinnurekenda og velferðarráðuneytið. Var það mat NMÍ að skynsamlegt væri að eiga samstarf um þessi tvö klasaverkefni sem sköruðust mikið. Siguður Snævarr verkefnastjóri hjá SSH var sammála þessu mati NMÍ og vilyrði fékkst frá honum um samstarfið.

Þannig var ákveðið að mestar líkur stæðu til að upprunaleg markmið um heilsuklasa og upprunaleg markmið um heilbrigðistækniklasa næðust með nánu samstarfi þessa tveggja verkefna sem bera nú vinnuheitið:

Heilbrigðisklasi – Icelandic Health Cluster Initiative. Þannig lagði NMÍ áherslu á hlut fyrirtækja í heilbrigðistækni og sprotafyrirtæki í heilbrigðistengdri starfsemi og styður sérstaklega við þátttöku slíkra fyrirtækja í heilbrigðisklasanum. Með þessu fyrirkomulagi munu sprotafyrirtæki hafa skjótari og betri aðgang að öflugum heilbrigðisklasa, en vonir stóðu til áður.

NMÍ hefur átt fjölda funda með Friðfinni á tímabilinu og staðið að nokkrum atburðum í samstarfi. Þann 13. febrúar var haldinn fundur í Arion banka þar sem u.þ.b. 50 gestir voru mættir. Heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson,

framkvæmdastjóri NMÍ, Sigríður Ingvarsdóttir og Stig Jörgensen, framkvæmdastjóri Medicon Valley, voru meðal fyrirlesara, auk fjölda fyrirtækja í heilbrigðistengdri starfsemi. Upptökur af fyrirlestrum á vimeo (<https://vimeo.com/channels/heilbrigdisklasinn>). Nýsköpunarmiðstöð hélt í framhaldi af því fundi með nokkrum sprotum í heilbrigðistækni og þann 26. mars var haldinn stefnumótunarfundur í heilbrigðisklasa.



Afrakstur greiningarvinnu og funda var nýttur í áfangaskýrslu um heilbrigðisklasann, Iceland Health Cluster Initiative-Íslenski heilbrigðisklasinn sem kom út 16. apríl og er aðgengileg á heimasíðu SSH. Það sem eftir líður árs munu þessi drög í það minnsta verða þróuð til að uppfylla þau markmið sem lagt var upp með í byrjun verkefnisins. En þau voru eins og sjá má í upprunalegri verkefnislýsingu m.a. eftirfarandi:

- Gera samantekt á starfsumhverfi heilbrigðistækniyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.
- Athuga hversu mörg fyrirtæki eru starfandi og hversu mikil áhrif þau hafa á efnahag og atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins.
- Sýna fram á hversu stór hluti fyrirtækja geta talist hraðvaxtarfyrirtæki og hvaða sérstöku aðstæður og áskoranir þessi fyrirtæki búa við í samanburði við aðrar starfsgreinar.
- Skilgreina félög og samtök sem starfa á sviðinu og hvernig samstarfi er háttað milli hagsmunaaðila á sviðinu.
- Greina starfsumhverfi heilbrigðistækniþrota á Norðurlöndum og tengsl við umhverfi heilbrigðistækniyrirtækja á Íslandi.
- Kanna hvaða áskorunum fyrirtækin standa frammi fyrir varðandi markaðsmál og fjármögnun og hvað íslensk heilbrigðistækniyrirtæki geti lært af reynslu þessara landa.
- Greina hvað íslenskir aðilar geti nýtt sér úr þessu umhverfi og þeirri greiningarvinnu sem þegar hefur farið fram, sérstaklega sem snýr að áskorunum hraðvaxtarfyrirtækja varðandi markað og fjármögnun.



Nokkrir fundir hafa verið haldnir með sprotafyrirtækjum í heilbrigðistækni og í augnablikinu hafa fimm sprotafyrirtæki samþykkt að taka þátt í klasasamstarfinu. Fleiri fundir eru á dagskrá og vonir standa til að um tíu sprotafyrirtæki verði orðnir þátttakendur í heilbrigðisklasanum fyrir sumarið, en NMÍ í krafti samningsins við SSH sér til þess að sprotafyrirtækin beri engan kostnað af þátttökunni, aðeins ávinning. Markmiðið er að enn fjölgi í hópi þátttakenda fyrir enda ársins og raunhæft er að ætla að um fjörutíu aðilar standi að heilbrigðisklasanum í lok ársins, þar af um tuttugu sprotar.

Í júní fer fram fundur þar sem starfsemi klasans út árið verður vörðuð. Unnið hefur verið eftir hagnýtum aðferðum klasasamstarfs og farið í gegnum ákveðin skref frá þarfagreiningu, í stefnumótun, vottun og framkvæmd stefnu klasans. Myndaðir verða hópar út frá þeirri þarfagreiningu sem þegar hefur átt sér stað. Hóparnir munu að öllu líkindum verða fjórir: nýsköpun/vöxtur, menntun/rannsóknir, ímynd/markaðsmál og starfsskilyrði/regluverk. Nokkur vinna mun fara fram í þessum hópum. Annar stór stefnumótunarfundur verður haldinn í haust og sá þriðji í lok ársins.

Í júní fer einnig fram vinna sem snýr að því að kortleggja valkosti í innlendum og alþjóðlegum styrkumsóknum fyrir klasann, auk annarrar fjármögnunar þróunarverkefna. Slíkir styrkir gætu ýtt undir samstarfsverkefni milli þátttakenda innan klasans og við aðra klasa. Heimasíða verður sett upp fyrir heilbrigðisklasann sem ætlað er að styðja við þessar aðgerðir.

NMÍ er þátttakandi í „BSR – Innovation express“ verkefninu (sjá: <http://www.bsrstars.se/project/bsr-innovation-express>) og mun í ár styðja allt að þrjú íslensk klasaverkefni um allt að 1,5 milljón kr. hvert til samstarfs við aðila í þeim löndum sem sem verkefnið nær til. Aðilar í samstarfslöndunum geta síðan fengið sambærilega styrki til samstarfs í sínu heimalandi.



Tengslamyndun hefur nú þegar átt sér stað innan klasans og mun halda áfram með fundum og atburðum á vegum klasans. Gestafyrirlesari frá Medicon Valley, sem er stór dansk/sænskur heilsuklasi (sjá: <http://www.mediconvalley.com>), heimsótti Ísland fyrr á árinu og hæg heimatökin að eiga samstarf við hann.

Einnig hefur verið litið til Oslo Medtech (sjá: <http://www.oslomedtech.no>) sem sérstaklega áhugverðs samstarfsaðila og líklegt að fulltrúar klasans heimsæki þann klasa á árinu.

Tækifæri til samstarf við aðila í klasasamstarfi á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum munu skapast í gegnum „BSR – Innovation Express“ verkefnið og mun NMÍ keppa að því að heilbrigðisklasinn sækir um styrk fyrir hönd sem flestra sprota. Umsóknarfrestur er í lok október en áður en að því kemur munu áhugasarmir aðilar geta hittst á „matchmaking“ atburði í Berlín 18.-19. september (sjá: <http://www.bsrstars.se/event/matchmaking-event-for-clusters/>) og hafið vinnu við samstarf.

Fulltrúar heilbrigðisklasans munu taka þátt í TCI ráðstefnunni í Monterray í Mexíkó, 10-13 nóvember (sjá: <http://tci-network.org/activities/card/26>), sem er stærsta og þekktasta klasaráðstefna heims. Þar verður klasinn kynntur og sóknarfæra og samstarfs leitað. Allt slíkt samstarf mun auka erlenda fagþekkingu hjá fyrirtækjum í heilbrigðistækni og þannig styrkja þau á alþjóðamarkaði.



Fræðslusamstarf snýr að vinnu með sjálfstæðum og óháðum klasasérfræðingum, bæði innlendum og erlendum. Í apríl lauk Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í viðskiptafræði, vinnu við að hanna fræðsluáætlun með það að markmiði að veita klasanum fræðslu og ráðgjöf byggða á aðferðafræði klasapróunar. Námskeiðið verður í kennt í húsakynnum NMÍ í haust í þremur lotum. Vonir standa til að allt að 20 aðilar munu taka þátt og þar á meðal fulltrúar Heilbrigðisklasans. Námskeiðslýsing er aðgengileg á heimasíðu SSH.



Í eftirfarandi töflu er stuttlega tæpt á þeim verkþáttum sem hafa verið unnir hingað til.

Áfangi	jan	Feb	mar	apr	maí
Samningur undirritaður					
Samstarf við Heilsuklasa samþykkt					
Kortlagning Heilbrigðisklasa					
Fundir með sprotum					
Fundir í Heilbrigðisklasa					
Fræðsla: Klasar og samkeppnishæfni					
BSR samstarf					
Áfangaskýrsla					

Í eftirfarandi töflu er stuttlega tæpt á þeim verkþáttum sem verða unnir til loka verkefnisins. Áður en sumarfrí ganga í garð verður haldinn fundur með stofnaðilum klasans, ráðgjafahópi og vinna hefjast með hópstjórum. Styrkjámöguleikar verða kortlagðir, einföld heimasíða mun fara í loftið og tilraunir gerðar til að kynna klasann í fjölmiðlum. Í haust mun stefnumótunarvinna halda áfram í hópum og morgunverðafundir haldnir reglulega. Stuðnings og samstarfs verður leitað á nokkrum ráðstefnum.

Áfangi	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
Heimasíða							
Fréttabréf							
Kortlagning styrkjámöguleika							
Morgunverðarfundir							
Ráðgjafahópur							
Kick-off							
Stefnumótunarfundur							
H1: nýsköpun og fjármögnun							
H2: menntun og rannsóknir							
H3: markaður og viðskiptatengsl							
H4: starfsskilyrði og gagnsöfnun							
Kynningar í fjölmiðlum							
BSR Berlín							
TCI Mexíkó							
Lokaskýrsla							
Lokafundur							



Samningur

milli Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna sóknaráætlunar höfuðborgar-svæðisins (kt. 681077-0819) og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (kt. 580607-0710)

Markmið: Verkefnið er hluti af vaxtarsamningi höfuðborgarsvæðisins og fellur undir verkefni 1.2 Nýsköpun og samkeppnishæfnis. Markmið þess verkefnis er að efla nýsköpun og bæta stöðu þekkingarfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnislýsing þessa verkefnis fylgir með þessum samningi, merkt fylgiskjal 1, og telst hluti hans. Jafnframt fylgir með verkefnislýsing Nýsköpunarmiðstöðvar „Heilbrigðistækniklasi á höfuðborgarsvæði“, merkt fylgiskjal 2.

Verk- og tímaáætlun: Ítarleg grein er gerð fyrir verkefninu í verkefnislýsingu Nýsköpunarmiðstöðvar og vísast til hennar. Áfangaskýrslu skal skilað 15. febrúar nk.

Samningsfjárhæð: Verkefni þetta er samstarsverkefni milli NMÍ og SSH. Kostnaðaráætlun verkefnisins í heild er kr. 15.600.000 og lýkur því í lok árs 2014. Greiðir SSH helming fjárhæðarinnar, kr. 7.800.000 og fjármagnar þannig fyrsta áfanga verkefnisins sem lokið skal eigi síðar en 15. mars nk. með skýrslu. Reiðir SSH samningsfjárhæð í tveimur jöfnum greiðslu, við undirritun og að fenginni skýrslu.

Kópavogur og Reykjavík, 28. janúar 2014

Þorsteinn Ingi Sigfússon,
Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH



Skilgreining á verkefninu

Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) leggur Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) fram eftirfarandi verkefnislýsingu. Verkefnið fellur að markmiðum Vaxtarsamnings fyrir höfuðborgarsvæðið um að efla nýsköpun og bæta stöðu sprotafyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er stuðningsaðgerð við fyrirtæki á heilbrigðistækni sviði. Markmið þess er að styðja fyrirtæki í örum vexti við að byggja upp þekkingu og tengsl og auðvelda sókn á erlendan markað. Öll sprotafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu munu geta nýtt sér afurðir verkefnisins. Fyrir hönd NMÍ munu koma að verkefninu Sigríður Ingvarsdóttir, Berglind Hallgrímsdóttir, Arna Lára Jónsdóttir og Hannes Ottósson, sem jafnframt er verkefnisstjóri.

Staða fyrirtækja í heilbrigðistækni á Íslandi

Heilbrigðistækni hefur lengi verið öflug á Íslandi, sem byggir á norrænni velferðarhefð, sterku opinberu heilbrigðiskerfi, góðu menntakerfi og ekki síst fyrirtækjunum sjálfum. Ýmsar skýrslur svo sem „Heilsa og hagsæld með nýsköpun“ (2009) og „Health Innovation in the Nordic countries“ (2010) vitna um þann góða árangur sem hefur náðst og benda jafnframt á mikil sóknarfæri til framtíðar. Meira fer þó fyrir greiningu vandamála og tillögugerð. Þegar kemur að stuðningi við fyrirtæki í heilbrigðistækni er m.a. bent á eftirfarandi hindranir:

- Opinbert stuðningskerfi er að ýmsu leyti vanbúið til að stuðla að því að gera verðmæti úr nýrri þekkingu og hugmyndum sem eiga rætur sínar í vísindarannsóknum eða fagvinnu innan heilbrigðisþjónustunnar.*

- Engin fagleg aðstoð er tiltæk handa þeim starfsmönnum sem stofna vilja sprotafyrirtæki um einstakar hugmyndir og hrinda þeim sjálfir í framkvæmd. Jákvæður skilningur og vilji virðist vera hjá stjórnendum en hvorki skipulag né fjárhagslegt svigrúm hjá stofnunum til að styðja slík mál.*
- Ytra stoðkerfi nýsköpunar í landinu er vanbúið til aðstoðar við rannsóknir og þróunarstarf í fyrirtækjum sem tengjast heilbrigðisgeiranum. Lítið samstarf er milli ráðuneyta um framkvæmd stefnumótunar um stuðning við rannsóknir og nýsköpun.*



Skýrslan leggur fram tillögur m.a. við fyrrgreindum vandamálum:

- Lagt er til að stofnaðir verði sem fyrst „tæknigarðar“ í formi sameiginlegs leiguhúsnæðis og tilheyrandi þjónustu fyrir sprotafyrirtæki sem tengjast heilbrigðisgeiranum. Valin verði saman fyrirtæki sem þykja eiga samleið og geta samnýtt aðstöðu eftir föngum og tengslanet þeirra við heilbrigðisstofnanir verði eflað.*
- Lagt er til að LSH og Háskóli Íslands stofni til formlegs samstarfs um rekstur á stoðskrifstofu/þjónustueiningu við „þekkingarsýslu“ og nýsköpun í formi sameiginlegs fyrirtækis. Lagt er til að einnig verði leitað eftir víðtækari samvinnu opinberra stofnana og þátttöku einkaaðila um stofnun og rekstur slíkrar „þekkingarsýslu.“*
- Lagt er til að stjórnvöld marki opinbera stefnu um að efla nýsköpun á grundvelli samvinnu milli opinberra aðila innan heilbrigðisgeirans og fyrirtækja sem tengjast þekkingarlega þessum fyrirferðarmikla þjónustugeira. Líta má á þetta svið sem vannýtta auðlind til verðmætasköpunar. Stefnumótun á þessu sviði til lengri tíma gæti byggst á því að líta á heilbrigðisgeirann og þá starfsemi, sem honum tengist, sem heildstæðan **klasa** þar sem beita má fjölþættum aðferðum til að efla nýsköpun.*

Við þessum tillögum hefur verið brugðist að ýmsu leyti. Frá 2009 hafa verið áform uppi um að setja á laggirnar miðstöð klínískra rannsókna við Landspítala (LSH) er verði drifkraftur nýsköpunarstarfs á stofnuninni. Sama ár

opnaði NMÍ heilsutækni­setur í Vatnagörðum – KÍM Medical Park. Árið 2011 voru SHI –Samtök heilbrigðisiðnaðarins stofnuð og nýlega undirrituðu LSH og Háskólinn í Reykjavík (HR) samning um heilbrigðistækni­setur. Þróunin hefur því að ýmsu leyti verið í jákvæða átt og nú er lag að skapa samstarf sem flestra aðila um fullvaxinn heilbrigðistækni­klasa.



Heilbrigðistækni­klasi

NMÍ hefur í mörg ár rekið frumkvöðlasetur og jafnframt stutt við uppbyggingu klasa víða um land með fræðslustarfi, þekkingarmiðlun og aðstoð við verkefnastjórnun. Árið 2009 setti NMÍ á fót heilsutækni­setur í Vatnagörðum. Starfsemin hefur skilað góðum árangri og fyrirtækjunum gengið vel, t.d. flutti Nox Medical nýlega úr húsinu eftir að hafa margfaldast af stærð. Mörg öflug fyrirtæki starfa í heilbrigðistækni og kallað hefur verið eftir frekara samstarfi. Háskólarnir og Samtök iðnaðarins hafa verið að vinna gott starf á þessu sviði og hafa uppi áætlanir um frekari sókn. NMÍ telur að mikilvæg tækifæri liggja í því að vinna frekar að samvinnu þessara aðila með formlegu klasasamstarfi.

Markmið verkefnisins


- Kortleggja starfsumhverfi heilbrigðistækni á höfuðborgarsvæðinu og meta áskoranir.
- Greina þarfir fyrirtækja á heilbrigðistækni­sviði og koma á samstarfi um formlegan heilbrigðistækni­klasa.
- Auka samkeppnishæfni á alþjóðavísu með tengslum við alþjóðlega heilbrigðistækni­klasa.
- Auka sóknartækifæri fyrirtækjanna með tengingu við aðrar greinar atvinnulífsins.
- Koma á fót samstarfi við aðila með yfirburðarþekkingu á hagnýtum aðferðum klasasamstarfs til þess að stuðla að auknu samstarfi og vexti heilbrigðistækni­fyrirtækja.

Afurðir verkefnisins

- Kortlagning starfsumhverfis heilbrigðistækniklasa, innanlands og á Norðurlöndum.
- Formlegu klasasamstarfi komið á.
- Hagnýt tæki og tól hafa verið gerð klasanum aðgengileg.
- Yfirlit yfir möguleikar á styrkjasókn og fjármögnun þróunarverkefna á heilbrigðistækni sviði.
- Klasaþróun; búið að fara í greiningu, kortlagningu, stefnumótun, samanburð við fyrirmyndaklasa og annað í samræmi við aðferðafræði klasafræða. Ýmis samstarfsverkefni orðin að veruleika innan klasans og við aðra klasa.
- Verkefnið hefur skilað skýrum hugmyndum um fýsilegar áherslur við uppbyggingu heilbrigðistæknigarða.
- Raunhæfar tillögur um áframhaldandi starfsemi klasans.
- Samantekt af verkefninu verður m.a. hægt að nýta sem fyrirmynd að þróun annarra klasa t.d. orkuklasa og ferðaþjónustuklasa.

Nánar um verkþætti

Kortlagning | felst í að gera samantekt á starfsumhverfi heilbrigðistæknifyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Athuga hversu mörg fyrirtæki eru starfandi og hversu mikil áhrif þau hafa á efnahag og atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins. Sýna fram á hversu stór hluti fyrirtækja í geta talist hraðvaxtarfyrirtæki og hvaða sérstöku aðstæður og áskoranir þessi fyrirtæki búa við í samanburði við aðrar starfsgreinar. Í kortlagningu þarf einnig að skilgreina félög og samtök sem starfa á sviðinu og hvernig samstarfi er háttað milli hagsmunaaðila á sviðinu. Í þessum verkþætti mun verða byggt á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin. Þessum verkþætti verður lokið á fyrsta ársfjórðungi og mun verður greiddur að fullu af SSH.



Mynd 1: Dæmi um vinnuferli við kortlagningu klasa

Kortlagning II tekur fyrir heilbrigðistækniklasa og starfsumhverfi þeirra á Norðurlöndum og greinir tengsl við umhverfi heilbrigðistæknifyrirtækja á Íslandi. Greint hvað í umhverfinu og stoðþjónustunni er að ganga vel eða illa. Kannað hvaða áskorunum fyrirtækin standa frammi fyrir varðandi markaðsmál og fjármögnun. Rannsakað hvað íslensk heilbrigðistæknifyrirtæki geti lært af reynslu þessara landa. Greint hvað íslenskir aðilar geti nýtt sér úr þessu umhverfi og þeirri greiningarvinnu sem þegar hefur farið fram, sérstaklega sem snýr að áskorunum hraðvaxtarfyrirtækja varðandi markað og fjármögnun. Kannað hvaða stuðningmöguleikar og samstarf er mögulegt á þessu sviði. Þessum verkhluta verður lokið á fyrsta ársfjórðungi og mun verða greiddur að fullu af SSH.

Klasapróun snýr að vinnu með heilbrigðistæknifyrirtækjum með það að markmiði að finna samstarfsgrundvöll meðal annars milli fyrirtækja, samtaka og háskóla á höfuðborgarsvæðinu. Unnið verður eftir hagnýtum aðferðum klasasamstarfs og farið í gegnum ákveðin skref frá þarfagreiningu, í stefnumótun, vottun og framkvæmd stefnu klasans.

Í þessari vinnu verður safnað saman og jafnframt þróuð hagnýt tæki og tól sem verða aðgengileg þátttakendum í klasasamstarfinu. Jafnframt verður ýtt undir samstarfsverkefni milli þátttakenda innan klasans og við aðra klasa, m.a. með því að skoða möguleika til styrkjasóknar og annarrar fjármögnunar þróunarverkefna. Sá hluti sem snýr að samstarfsverkefnum milli þátttakenda verður komin í gang á fyrsta ársfjórðungi og verður að fullu greiddur af SSH.



Mynd 2: Algeng verkefni klasa

Tengslamyndun gengur út á það að leita eftir og koma á samstarfi við aðra heilbrigðistækniklasa, sérstaklega á Norðurlöndum. Samstarf mun auka erlenda fagþekkingu hjá fyrirtækjum í heilbrigðistækni og þannig styrkja þau á alþjóðamarkaði. Einnig felst þessi vinna í að leita eftir og koma á samstarfi við klasa annarra atvinnugreina til að auka þekkingu á heilbrigðistækni í öðrum atvinnugreinum og auka þannig sóknarfæri. Helmingur þess hluta sem snýr að atburðum verður unnin á fyrsta ársfjórðungi og verður greiddur af SSH.

Fræðslusamstarf snýr að vinnu með sjálfstæðum og óháðum klasasérfræðingum, bæði innlendum og erlendum. Sett verður upp fræðsluáætlun með það að markmiði að veita klasanum fræðslu og ráðgjöf byggða á aðferðafræði klasaþróunar. Sá hluti verður unnin á fyrsta ársfjórðungi og verður að fullu greiddur af SSH.

Tillögur og þekkingaryfirfærsla felst í því að við lok verkefnisins verður gerð samantekt á þeirri reynslu og þekkingu sem hefur skapast. Samantektin mun nýtast aðilum sem hyggja á svipuð verkefni og stuðla að áframhaldandi eflingu íslenskrar klasaþróunar. Verkefnið mun jafnframt skila skýrum hugmyndum um fýsilegar áherslur við uppbyggingu heilbrigðistæknigarða, auk þess að gera raunhæfar tillögur um áframhaldandi starfsemi klasans.



Verkefni	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Alls	NMÍ	SSH
Kortlagning	1200				1200		
-skýrsla							800
-tillögur							400
Kortlagning II	1600				1600		
-skýrsla							1000
-tillögur							600
Klasapróun	3400	800	800	1400	6400		
-verkefnisstjórn						2000	
-tæki og tól						1000	
-samstarfsverk.							3400
Tengslamyndun	1000	600	600	800	2400		
-verkefnisstjórn						800	
-atburðir						800	800
Fræðslusamstarf	1200	400	400	400	2400		
-verkefnisstjórn						800	
-fræðsluáætlun							800
-atburðir						800	
Þekkingaryfirf.			400	1200	1600		
-verkefnisstjórn						600	
-samantekt						600	
-atburðir						400	
Alls	7800	1800	2200	3800	15600	7800	7800

Upphæðir í þús. króna

*Vilhjálmur Lúdvíksson: Heilsa og hagsæld við nýsköpun. Úttekt á aðstæðum til nýsköpunar í tengslum við heilbrigðisrannsóknir. Menntamálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti, Iðnaðarráðuneyti